

Almenn aðferðarfræði við fastar talningar:

Skýringar og reikniaðferðir meðaltala, fyrir fasta teljara:

Fastur talningarstaður er sá staður þar sem talið er samfelldt alla daga ársins. Talningar eru ýmist sundurliðaðar eftir akreinum eða bara ein tala fyrir tveggja akreinaveg. Þetta er háð þeim búnaði sem notaður er til talninga, á hverjum stað.

Hér á eftir er:

u = tákni fyrir eitt sólarhringsgildi, þ.e. fjölda bíla yfir sólarhringinn, um talningarstað.

Σ = summa

n = dagafjöldi (án undirvísis jafngildir fjölda daga í ári)

s = undirvísir (index) merkir hér sumarmánuðir (tímabil, sjá skammstafanir og skýringar)

v = undirvísir (index) merkir hér vetrarmánuðir (tímabil, sjá skammstafanir og skýringar)

Þá má lýsa reikniformúlum fyrir meðaltöl fastra teljara með eftirfarandi hætti:

$$\overline{ADU} = \frac{\Sigma u}{n}$$

$$\overline{SDU} = \frac{\Sigma u_s}{n_s}$$

$$\overline{VDU} = \frac{\Sigma u_v}{n_v}$$